

ÖLDUR ERU HVER ANNARRI ÓLÍKAR

MÉR leiðast afmæli,“ segir Kristján Davíðsson sem varð áttæður 28. júlí. „Ég flúði til Parísar, við hjónin fengum okkur að borða á miðlungs-restauranti í tilefni dagsins.“

Eftir viku verður opnuð sýning á Kjarvalsstöðum með verkum eftir Kristján frá tíu undanförunum árum, en þó ekki stranglega farið eftir tímasetningu. „Skringilegt fyrirbæri tíminn,“ segir Kristján og verður eilítið hugsí.

Þú hefur verið nýjungagjarn, segi ég við Kristján og legg mig fram um að orðið hljómi á jákvæðan hátt, í því sé enginn broddur. Ég sé á Kristjáni að hann er ekki alveg sáttur við orðið.

„Ég verð afskaplega þreyttur þegar ég er búinn að tæma eitt yrkisefni. Þetta er algengt hjá tónskáldum og sérstaklega ljóðskáldum, en þó einkum meðal myndlistarmanna. Þeir verða að finna sér eitthvað annað, en þetta á ekki skylt við nýjungagjarni.“

Ljóðræn afstraktlist

Það hefur verið talað um ljóðræna afstraktlist í sambandi við þig, andstæðu flatarmálistarinnar sem var svo ríkjandi.

„Ísland hefur verið útúrborða, vafasamt að við höfum verið með á nótunum nema kannski í skáldskap, best hefur verið mannað í ljóðlistinni.“

Þið Steinn Steinarr þekktust vel.

„Steinn vissi sínu viti. Við vorum miklir mátar og kona hans, Ásthildur Björnsdóttir. Ég leitaði ekki til ljóðlistar að fyrra bragði, en hreifist innlega af því sem ég kynntist í henni. Vinir mínir voru allir ljóðskáld.“

Menn hafa verið duglegir að flokka listamenn, setja þá í hólf?

„Þessu sporðrenna menn, sérstaklega í Danmörku. Ef eitthvað var sagt í París gilti það.“

Hvað um hina ljóðræna afstraktsjón hjá þér?

„Ég komst á snodir um að menn væru einhvers staðar að gera annað. Franskur maður, sem ég kynntist og var mér mjög innan handar, Michel Tapié, sýndi verk eftir afstrakt-expressjónista í flottasta galleríinu í París.“

Sýndirðu þar?

„Hann bauð mér að sýna, en úr því varð ekki, ég fór að vinna fyrir mér, skipuleggja líti í hús með húsamálurum, tala við fólk um líti. Þetta varð mitt aðalstarf í nokkur ár.“

Aftur að hinni ljóðræna afstraktsjón. Þú þurftir að breyta til?

„Það var ekkert fastskrúfað, ég tók það sem passaði mér hverju sinni, vann sitt á hvað.“

Að losna úr viðjum

Um myndirnar á sýningunni á Kjarvalsstöðum vill Kristján ekki tala að sinni. En eru það einhver verk eða tímabil í listinni sem honum hefur þótt takast öðrum fremur?

„Af minni hálfu er þetta allt mjög ærlegt. Í byrjun var það mér kappsmál að losna úr viðjum sem ég hafði verið í, það var ekki létt.“

Kristján segist hafa verið búinn að afgreiða hefðbundna list sem unglingur, en hafi enn gaman af að gera myndir í anda hefðarinnar. Dæmi um þetta er málverk af konunni hans, Svanhildi Björnsdóttur.

Hefur það haft áhrif á þig sem aðrir segja um myndirnar?

„Nei, að því leyti hef ég staðið til hliðar.“

Ertu þá sáttur við hlutskipti þitt?

„Með hliðsjón af því sem aðrir hafa gert er ég ánægður. Í þessum klíkum, sem voru kallaðar stefnur, töldu menn sér skylt að vinna að hinu sama svo að allir væru ánægðir. Menn klöppuðu hver öðrum á bakið. Í því er hættan á að staðna, stöðnun.“

En þú varst til hliðar?

Kristján Davíðsson myndlistarmaður er orðinn áttæður og þrátt fyrir það sýnir í verkum sínum. Hann sagði JÓHANNI HJÁL MARSSYNI að breytingum í listum mætti líkja við öldur. Fjölbreytnin væri svo mikil að öldur væru aldrei nákvæmlega eins.



MÁLVERK eftir Kristján Davíðsson. Nýjasta myndin sem verður á sýningunni á Kjarvalsstöðum í september.

„Ef menn eru ekki einir, til dæmis þeir sem geta ort, tónskáld og ljóðskáld, þá er eitthvað ekki í lagi með það.“

Þetta er eins og með öldurnar, þær ýta hver annarri. Tíminn, breytingar í listum, þetta er eins og öldur haga sér, náttúrufyrirbrigði. Sú alda sem er næst annarri er alltaf frábrugðin.“

Taldirðu þig einan, fannst þér þú standa einn?

„Frakkinn fyrrnefndi sendi mér upplýsingar, tímarit og annað sem kom mér að miklu gagni.“

Langur og breiður vindill

Að þessum orðum töluðum segir Kristján: „Nú ætla ég að fá mér vindil. Hann bregður sér út úr setustofunni og kemur aftur með vindil sem er 20 sentimetrar og eftir því breiður. „Þetta færði mér maður. Gæjarnir frá Kúbu búa þetta til í Miami, nota til þess bílþjoppur.“ Hann nýtur vindilsins og dreypir á pilsner. Síðan heldur hann áfram að tala um Frakkann, vin sinn: „Mínar bestu sendingar komu frá honum. Hann stofnaði fyrirtæki, Rome-New York Art Foundation, og tímarit sem miðlaði fróðleik um það sem var að gerast í listum.“

Var eitthvað sambærilegt hér heima?

„Birtingur var gefinn út á þessum árum. Þeir menn sem stóðu að honum voru bestu vinir mínir og ég segi vitanlega ekkert annað en gott um þá. Ekkert sem hér var gefið út jafnaðist þó á við það besta erlendis vegna þess að sjóndeildarhringurinn var þar miklu stærri af eðlilegum ástæðum. Það kom mér til góða að ég ferðaðist töluvert erlendis og sá margar sýningar. Ég var í félagsstörfum fyrir myndlistarmenn og fylgdist því með á Norðurlöndum. Norræna sýningin, sem haldin var í Kaupmannhöfn 1969, var merkileg, sláandi sýning. Við lögðum okkur fram, yngri menn sýndu með okkur, m.a. Jón Gunnar. Ég var með stórar myndir og góðar myndir voru eftir Sigurjón Ólafsson. Sýningin hlaut góðar undirtektir, var vel sótt og fékk vinsamlega dóma í blöðum.“

Í útlöndum tala menn um alþjóðlega list á Íslandi. Af hverju erum við ekki eins mikill útkjálki og önnur Norðurlönd?

„Það erum við nú kannski. En það er bægslagangur í Íslendingum. Þeir láta sér ekki nægja Norðurlönd, nú eru þeir farnir að fara til Írlands. Kannski veldur írski upruninn einhverju. Ég er úr Breiðafjarðareyjum og Dölum í móðurætt.“

Þú ert uppallinn á Patreksfirði, þaðan koma fleiri listamenn og skáld?

„Við Jón úr Vör vorum samferða í unglinga-skóla, þjuggum saman í Reykjavík og vorum að reyna að mennta okkur. Jón E. Guðmundsson kom líka að vestan, besti maður, þekktur fyrir sitt snjalla brúðuleikhús.“

Cézanne hrærði í mönnum

Varstu í fyrstu með það í huga hvernig myndir þú vildir mála?

„Alls ekki. Slíkt kemur, maður getur ekki hugsað skrefin fyrirfram. Það getur enginn, hvorki belja né maður.“

Voru einhverjir málara þá sem höfðu áhrif á þig?

„Upphaflega var það Cézanne. Þegar ég kom til Bandaríkjanna 1945 var skólinn sem ég sótti jafnframt safn með málverkum eftir Cézanne og mikið af annarri franskri myndlist frá því um og fyrir aldamót og fram eftir 20. öldinni.“

Líturðu á Cézanne sem brautryðjanda?

„Hann hrærði í mönnum til að líta í kringum sig, með honum kom ný sjón á umhverfi og litir urðu lausari við feimni. Til varð kúbismi sem lifði nú ekki lengi. Cézanne lagði undir sig Norðurlönd.“

Fannst þér sjálfum að þú værir í andófi, uppreisnarmaður?

„Ég hafði hvorki vit né getu til að vera uppreisnarmaður fyrr en ég var orðinn roskinn. Þá breytti ég meðvitað hlutum í kringum mig.“

Þú hefur verið trúr sjálfu málverkinu?

„Ég notaði aldrei málverkið til annars en því var mögulegt að gera.“

Kristján gengur nú með mér um húsið sem minnir á safn fullt af myndum og bókum. Flygill á gólfi, tvær fiðlur á hillu. Á borði liggja teikningar sem hann veit ekki enn hvort hann sýni á Kjarvalsstöðum — Sandastrandafólk.

Ég hef áður séð líkar teikningar eftir Kristján og einu sinni var ég viðstaddur þegar hann teiknaði mynd sem var aðeins tvö strik. Þetta eru mjög frjálslegar teikningar og lifrænar, gamansamar. Kristján bendir á eina teikninguna. Hún er gerð á aðfangadag 1974, „jólamynd, minnir svolítið á Einar Braga.“ Við erum sammála um það. Kannski er þetta fyrsta teikningin í flokki mynda af Birtingsmönnum eða kannski sú eina, hugsa ég, virðingavottur við þá.

Dubuffet bylti heiminum

Á vegg er grafíkmynd eftir Frakkann Dubuffet. Það eru aðeins til fjögur eintök af þessari mynd í heiminum og útlendir gestir sem heimsækja Kristján furða sig á því að til skuli vera eintak á Íslandi. Það ber eins og annað að þakka Michel Tapié.

Dubuffet hefur verið talinn meðal þeirra sem haft hafa áhrif á þig?

„Það er ekki rangt að Dubuffet sé áhrifa-valdur. Menn hafa losnað misjafnlega vel við að vera undir áhrifum frá honum. Hann bylti heiminum. Ég er ekki einn um að hafa orðið fyrir áhrifum frá honum, jafnvel De Kooning er meðal þeirra.“

Má bera hann saman við Cézanne sem brautryðjanda?

„Nei, þetta var miklu róttækara. Cézanne hafði ekki hugmynd um hvað hann var að gera. Hann seldi aldrei mynd meðan hann lifði, en hafði hins vegar mikil áhrif.“

Hvernig byrjaði þetta með afstrakt-expressjónismann?

„Deildar meiningar eru um upprunann. Ég held að byrjunina megi rekja til Danmerkur og Hollands, til Cobra og fleiri. Afstrakt-expressjónisminn verður sterkastur í Ameríku hjá málurum eins og Pollock.“

Kundera finnur kápumynd

Ég minnst á myndskreytingar Kristjáns í ljóðabók Jóns Óskars, Nóttinni á herðum okk-